

REGLUGERÐ

um próf til viðurkenningar bókara.

1. gr.

Prófnefnd viðurkenndra bókara hefur umsjón með prófi til viðurkenningar bókara samkvæmt 43. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald.

Ráðherra skipar þriggja manna prófnefnd til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, sbr. 26. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Einn nefndarmaður skal tilnefndur af Félagi viðurkenndra bókara. Einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Prófnefnd skal rita fundargerðir. Í þær skal færa ákvarðanir nefndarinnar og niðurstöður prófa.

2. gr.

Próf skulu að jafnaði haldin einu sinni ár hvert og skal auglýsa þau í fjölmiðlum og á heimasíðu ráðuneytisins með a.m.k. átta vikna fyrirvara. Eigi er skylt að standa fyrir prófi nema a.m.k. 30 þátttakendur hafi skráð sig í próf.

Ráðherra ákveður prófgjöld að fenginni tillögu prófnefndar. Skulu þátttakendur greiða prófgjald fyrir þau tímamörk sem prófnefnd ákveður. Upplýsingar um fjárhæðir prófgjalda skulu liggja fyrir í síðasta lagi fjórum vikum fyrir próf. Miða skal við að tekjur af gjaldinu standi undir kostnaði við prófið.

Gjald skv. 2. mgr. er aðeins endurkræft ef af prófi próf verður ekki haldið eða ef próftaka er ekki unnt að taka próf sökum mikillar röskunar á framkvæmd prófa.

Prófnefnd ákveður hvort haldið skal upptökupróf gegn aukaprófgjaldi. Upptökupróf skulu auglýst sérstaklega á heimasíðu ráðuneytisins. Slík próf skulu aðeins haldin ef próftakar eru a.m.k. 10.

3. gr.

Prófnefnd tekur ákvörðun um prófsefni og tilhögun prófa, t.d. hvort próf eru skrifleg staðbundin próf eða rafræn. Prófið skiptist í þrjá hluta; tvo skriflega fræðilega hluta og eitt raunhæft verkefni. Prófnefnd semur prófnefnislýsingu fyrir hvern hluta og skal hún liggja fyrir á heimasíðu ráðuneytisins þegar próf eru auglýst samkvæmt 1. mgr. 2. gr.

Við ákvörðun skv. 1. mgr. skal prófnefnd leggja til grundvallar að efni hvers hluta krefjist þekkingar á eftirtöldum sviðum:

I. Reikningshald og upplýsingatækni:

- Grundvallarhugtök og -reglur reikningshalds, m.a. reglur reikningsskilaráðs.
- Lög og reikningsskilareglur.
- Bókhaldslegt mat, afstemmingar, ársreikningsgerð.
- Innra eftirlit og upplýsingakerfi.

II. Skattskil:

- Skattskil einstaklinga, örfélaga og lítilla félaga.
- Helstu atriði skattalaga og -reglna, s.s. tekjuskattur og virðisaukaskattur.
- Lög og reglur er tengjast launum og launatengdum gjöldum.
- Félagaform og ábyrgðir eiganda.

III. Raunhæft verkefni leyst með tölvu:

- Efnisþættir úr I. og II. prófhluta.
- Prófjöfnuður, afstemmingar og lokafærslur.
- Uppgjör, þ.m.t. tekjuskattur og virðisaukaskattur.
- Uppstilling ársreiknings, þ.m.t. gerð og framsetning.
- Útreikningur tekjuskatts og skattskil.

4. gr.

Prófnefnd tekur hverju sinni ákvörðun um fjölda sjálfstæðra úrlausnarefna, vægi og tímalengd prófhluta.

Prófnefnd er heimilt að fela óháðum aðilum að semja prófverkefni, fara yfir og gefa einkunn fyrir prófúrlausn. Prófverkefni skulu samin af einstökum prófnefndarmönnum eða þeim sem prófnefnd felur það starf. Verkefnin og vægi úrlausnarefna innan þeirra skulu lögð fyrir prófnefnd til samþykktar.

Þá er prófnefnd heimilt að semja við óháðan aðila um framkvæmd prófa.

5. gr.

Prófúrlausnir skulu merktar prófnúmerum.

Við mat á úrlausnum skal gefin einkunn fyrir hvern prófhluta.

Einkunnir í einstökum prófhlutum skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Lágmarkseinkunn til að standast einstaka prófhluta er 5,0. Til þess að standast fullnaðarpróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í vegna meðaleinkunn (lokaeinkunn) úr öllum prófhlutum. Vegin meðaleinkunn (lokaeinkunn) er gefin með tveimur aukastöfum. Ef próftaki nær ekki tilskilinni lágmarkseinkunn, í einstökum prófhlutum eða veginni lokaeinkunn, er honum heimilt að þreyta próf að nýju þegar próf eru haldin skv. 2. gr.

Einkunnir skulu birtar próftökum innan 30 daga frá dagsetningu prófs.

Fyrir hvern prófhluta skal prófnefnd halda prófsýningu. Prófnefnd er ekki skylt að halda prófsýningu fyrir upptökupróf. Prófnefnd ákveður tilhögun og framkvæmd prófsýninga, t.d. hvort prófsýning verður staðbundin eða rafræn. Próftaki á þó rétt á því að sjá prófúrlausn sína vegna upptökuprófs ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar.

Próftaka er heimilt að skjóta mati á úrlausn sinni til endurmats til prófnefndar innan 30 daga frá birtingu einkunnar. Prófnefnd getur skipað prófdómara til að endurskoða úrlausn próftaka á ábyrgð prófnefndar.

Ákvörðun prófnefndar um úrlausn er endanleg.

Til að standast próf til viðurkenningar bókara skal próftaki hafa lokið öllum prófhlutum með fullnægjandi árangri. Allir prófhlutar skulu vera dagsettir innan 3ja ára frá dagsetningu elsta prófsins. Nýtt próf fellir niður eldra próf (próf endurtekið), bæði að því er einkunn og dagsetningu varðar.

Prófnefnd skal afhenda þeim próftökum sem standast próf skirteini því til staðfestingar.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 43. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 686/2015 og nr. 965/2018 um próf til viðurkenningar bókara.

~~Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. júlí 2019.~~

~~F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,~~

~~Ingvi Már Pálsson.~~

~~Harpa Theodórsdóttir.~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.